

Fundur 29.4.2024 Zenon, frá Atlantis.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið. Gott kvöld, það er sama orkan.*

Já svo sannarlega og þakka þér fyrir að finna þá orku og ljósið er blátt og er það ljós blátt og skýjahula sú sem er yfir, minnir á æskustöðvar okkar og vil ég gjarnan að þið takið þátt í þeim minningum.

Og höfum við hér í framlífi náð að beisla orku þessa enn betur en í jarðlífi og eigið þið langt í land með að ná þeim framförum, en ykkar besta fólk er á réttri leið og ef áhrif okkar og annarra ná fram að ganga, mun mannkynið taka stakkaskiptum til góðs og láta af stríðsrekstri og öðrum fortíðarinnar myrku áformum og aðferðum og komast upp á lífstefnu brautina, eins og fræðari ykkar og kennari kenndi, hinn mikli dr. Helgi Pjeturss.

Og eru vissulega stefnurnar tvær, verðandi stefnurnar, helstefna og lífstefna, og kristallar voru það sem veittu okkur orku og byggðum við okkur margvísleg mannvirki, en varð það þó allt í sæ að sökkva, en samfélög okkar voru einnig til á öðrum tímasteiðum og segja má að við séum forfeður ykkar af örlitlu leiti, þótt þið séuð blönduð.

Og Cro Magnon maðurinn hafi blandast ýmsum afkomendum okkar og fleiri manntegundir, og er það hin merkilegasta saga.

*Og Neanderdals mennirnir ?*

Já ýmsir tóku þátt í því að byggja ykkur upp og búa ykkur til, satt er það og er það merkileg saga.

Vil ég að þið skynjið umhverfi okkar og endurreist, það er fjölmörg tæknin sem þið eigið eftir að endur uppgötva og er það góð tækni sem ekki mun menga jörðina.

Af misgjörðum þjóðar okkar og tegundar okkar, hef ég einnig margt að segja, en því miður eru það öfl sem hindra samband þetta og orkan mun því ekki endast lengi en vonandi tekst okkur að komast síðar í sambandið.

Er ég ættaður frá Atlantis,

*Mig grunaði það.*

Fyrir meira en tíu þúsund árum og er það löng og merkileg saga, en þó get ég ekki farið inn á hana, en vissulega voru það einnig tvö öfl sem börðust í þjóðfélagi okkar, helstefna og lífstefna og margskonar spilling sem olli því að viðkvæmt jafnvægi raskaðist og gátum við lifað á jörðinni við skilyrði þar sem kuldi og annað var ekki sem hentugast, en gátum með orkunni komið því í lag.

En það verður að bíða betri tíma, en ég vil að lokum segja, við erum lík ykkur í útliti og Atlanir lifa á framlífs jörðum margir og hafið þið margt erft frá okkur og er okkur annt um ykkur.

Og margt sem við vildum við ykkur segja, en verð ég nú að kveðja, en nafn mitt er Zenon.

Og þakka ég kærlega fyrir mig og verið þið sæl, og vonandi að við getum talað við ykkur síðar.

Náð sambandi, verið þið sæl.

*Takkk fyrir komuna, vertu sæll og blessaður.*